

Yfirlýsing Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ

Í framhaldi af umfjöllun Stöðvar 2 um tengsl mín við félag í Lúxemborg sem stofnað var í gegnum tvö skúffufélög á Tortola og áskorunar Ágústs Guðbjartssonar, stjórnarmanns í VR, um afsögn mína sem forseti ASÍ vegna meintra tenginga minna við þessi sömu fyrirtæki er rétt að upplýsa eftirfarandi.

Á árunum 1997-2001 var ég framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf., í daglegu tali kallað EFA. Þetta fyrirtæki sérhæfði sig í fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum hér á landi og í nágrannalöndum sem fýsilegt væri að laða til landsins. Meðal þeirra fyrirtækja sem við fjárfestum í var Hugvit sem hannað hafði og markaðssett víða um Evrópu hugbúnaðinn GoPro, sem er hópvinnu- og skjalavinnslukerfi. Hugvit hafði fengið nýsköpunarverðlaun hér á landi og stækkaði mjög ört, bæði með eigin vexti og sameiningu við önnur skyld fyrirtæki, en fyrirtækið fékk á þessum tíma verðlaun fyrir að vera 16. hraðvaxnasta fyrirtæki Evrópu. Meðal samstarfsaðila Hugvits var m.a. IBM sem seldi hugbúnaðinn. Á árinu 1999 var mikil krafa meðal starfsmanna Hugvits um að komið yrði á einhvers konar kaupréttakerfi hjá fyrirtækinu en á þeim tíma var mikil umræða um slíkt hér á landi. Með því var átt við að starfsmönnum yrði gert kleyft að kaupa hlutabréf á fyrirfram umsömdu verði og hagnast af því ef vel gengi. Niðurstaða stjórnar Hugvits var að undirbúa slíkt kerfi sem gæti leitt til hóflegs kaupauka. Á þessum tíma voru starfsmenn Hugvits allmargir og starfandi víða um Evrópu, aðallega Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi og Bretlandi. Ljóst var að skattaleg meðferð þessara kaupauka var æði ólík í þessum ríkjum. Hér á landi var þetta mjög skýrt þ.e. öll verðmæti sem launafólk fær vegna starfa sinna eru talin skattskyld laun og það kom aldrei til álita af hálfu stjórnar Hugvits að búa til kerfi sem færi á svig við þau lög. Að sama skapi var það ekki réttlátt að láta íslenskar skattareglur gilda um erlenda starfsmenn okkar í erlendum dótturfélögum í öðrum löndum, sérstaklega ef þarlandar reglur væru starfsmönnum hagstæðari. Því var það ráðlegging endurskoðenda Hugvits að staðsetja kaupréttina í sérstöku félagi í Lúxemborg og gefa verðmæti kaupréttanna eða kaupaukanna upp til viðkomandi skattayfirvalda þegar og ef til þeirra myndi koma.

Persónulega fannst mér þetta sanngjörn og rökrétt leið. Hún tryggði öllum starfsmönnum ákveðið jafnræði gagnvart fyrirtækinu og var hlutlaus gagnvart skattareglum viðkomandi ríkja. Þetta fól einnig í sér að skattskyld hlunnindi gætu ekki flust frá ríkjum með „óhagstæða“ skattalöggjöf til ríkja með „hagstæðari“ löggjöf. Það varð niðurstaða stjórnar að koma þessu í framkvæmd vorið 2000 með því að leggja fram 2,5 milljóna lágmarkshlutfé sem stofnfé. Þeir starfsmenn sem báru ábyrgð á því að koma þessu í framkvæmd óskuðu eftir aðstoð viðskiptabanka félagsins. Atburðarásin í framhaldi þess var síðan sú, að í stað þess að stofna fyrirtæki í Lúxemborg í nafni Hugvits seldi Kaupþing Lúxemborg Hugviti fyrirtæki sem bankinn hafði áður stofnað í Lúxemborg í gegnum einhverja lögfræði- eða endurskoðunarskrifstofu eða einhver skúffufyrirtæki á eyjunni Tortola. Bankinn hélt síðan aðalfund á skrifstofu sinni og breytti nafninu í Motivation Investment Holding og kaus stjórn Hugvits sem nýja stjórn. Þessu vissum við ekkert af, en vorum í góðri trú með að hafa stofnað dótturfyrirtæki í Lúxemborg með hefðbundnum hætti og með það tiltekna og afmarkaða hlutverk að halda utan um kauprétt starfsmanna í móðurfélaginu eins og nafn þess ber raunar með sér. Áður en til þess kom að veita starfsmönnum einhverja kauprétti sprakk internetbólan síðar á árinu 2000 og Motivation Investment Holding tók aldrei formlega til starfa. Félagið hafði engar skattskyldar tekjur og átti engar slíkar tekjur að hafa og því var ekki um neinskonar skattundanskot að ræða.

Ég lét af störfum sem framkvæmdastjóri EFA í júlí 2001 og hætti þá samdægurs í öllum stjórnnum fyrirtækja sem EFA átti í og ekki með atburðarásinni eftir það. Í framhaldi af efnahagsþrengingum hér á landi á árunum 2001-2002 fór Hugvit (sem þá hét GoPro/Landsteinar Group) í fjárhagslega endurskipulagningu, seldi einstök dótturfélög eða lokaði og var móðurfélagið síðan lagt niður að ég held. Ekki veit ég hvers vegna eigendur þess afskráðu ekki þetta fyrirtæki í Lúxemborg og millifærðu hlutfé þess heim, en mér skilst að Kaupþing í Lúxemborg hafi haldið þessu gangandi, rúkað reglulega þóknarir fyrir utanumhaldið þangað til hlutféð var uppurið og þá afskráð það en það var

ekki fyrr en í ársbyrjun 2008 ef marka má frétt Stöðvar 2. Bankinn gerði aldrei tilraun til þess að hafa uppá eigendum né upplýsa skráða stjórnarmenn um hvernig málinu væri háttað.

Eins og fram kemur í þessari lýsingu hef ég ekki komið fram með ósiðlegum eða ótrúverðugum hætti í þessu máli. Það að stofna fyrirtæki í Lúxemborg með það afmarkaða og skilgreinda hlutverk að tryggja ákveðið jafnræði gagnvart starfsmönnum m.v. þær skattaþingur sem giltu í þeirra heimalandi hefði ég haldið að væri fremur til eftirbreytningu en bera vott um siðleysi. Á síðustu mánuðum hefur það hins vegar komið í ljós að ótrúlega margir hafa lagt sig fram um að stofna félög í skattaparadísu til að fela tekjur sína og eignir. Nú hefur einnig komið í ljós að Kaupþing virðist hafa átt til á lager fyrirtæki í Lúxemborg, sem hann hafði stofnað í gegnum einhverja lögfræði- eða endurskoðunarskrifstofu eða skúffufyrirtæki – á eyjunni Tortola og selt þau bæði þeim sem fóru í einu og öllu að lögum og reglum fyrir opnum tjöldum og þeim sem vildu fela slóð sína. Um þetta verklag bankans hafði hvorki ég né aðrir stjórnarmenn Hugvits neina vitneskju um og getum ekki verið ábyrgir fyrir.

Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf. var í eigu stéttarféлага, lífeyrissjóða og mikils fjölda einstaklinga og launamanna, sem vildu leggja sitt af mörkum til að efla hér atvinnulíf og fjölga vellaunuðum störfum. Ég tók ábyrgð á þeim fjármunum sem mér var falið að fjárfesta fyrir mjög alvarlega sem og ábyrgð mína á því að haga störfum mínum í stjórnnum þeirra félag sem við fjárfestum í með þeim hætti að þar væri gætt hagsmuna bæði hluthafa, starfsmanna og samfélagsins í heild. Það er annarra að dæma um frammistöðu mína í því hlutverki en persónulega tel ég mig hafa í störfum mínum staðið vörð um þau grundvallargildi sem bæði ég og sú hreyfing sem ég hef helgað starfskrafta mína síðustu 20 árin standa fyrir en þau eru trúverðugleiki og heilindi gagnvart félagsmönnum og samfélaginu í heild.